

eigi meðtekið meira í peningum af sýslumanni Franz Siemsen af upphæð sóttvarnarkostnadarreiknings þess, að upphæð kr. 80,90, er um er getið í málinu, en kr. 10,86, þá skal hann vera sýkn af kærnum og kröfum stefnda Kristjáns Ó. Þorgrímssonar fyrir hönd sýslumanns Franz Siemens, og skal stefndi þá greiða honum í málskostnað 30 krónur; en treysti áfrýjandi sér eigi til að vinna svofeldan eið, á gestaréttardómurinn að vera óraskaður, og ber þá áfrýjanda að greiða stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 45/1901:

Skúli Árnason
gegn
Birni Jónssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði Skúli Árnason, héraðslæknir í Grímsnesslæknishéraði, gegn Birni ritstjóra Jónssyni út af ummælum um hann í blaðinu Ísafold, er hann taldi meiðandi fyrir sig, og var málið dæmt fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 25. apríl f. á. með þeim úrslitum, að Björn ritstjóri Jónsson var dæmdur sýkn af kærnum og kröfum Skúla héraðslæknis Árnasonar og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir Skúli læknir Árnason áfrýjað til landsyfirrættarins með stefnu, dags. 23. okt. f. á. og krafist, að Björn ritstjóri Jónsson verði dæmdur til sektar og að ummæli þau, sem áfrýjandi telur meiðandi fyrir sig, verði dæmd dauð og marklaus og að stefnda verði gjört að greiða málskostnað fyrir báðum réttum. Áfrýjandi hefir fengið gjafsókn fyrir báðum dómum og skipaðan málflytningmann. Stefndi hefir hins vegar krafist, að bæjarþingsdomurinn verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður.

Í 62. tölubl. 27. árg. blaðsins Ísafold er, í grein einni með fyrirsögn »Skarlatssóttin«, eftir að sagt er frá, að skarlatssóttin sé farin að dreifa sér í Árnessýslu og að hún hafi gjört vart við sig snemma í sumar á Húsatóttum á Skeiðum, og að bær þessi hafi verið sóttkvíaður að undirlagi héraðslæknis — komist svo að orði um áfrýjanda: »en aldrei kvað hann hafa þar komið í sumar, fyr né síðar, og eftirlitið þá líklega slælegt«. Það eru þessi ummæli, sem áfrýjandi telur meiðandi fyrir sig.

Það er sannað í málinu, að bóndinn á Húsatóttum sagði frá því hér í Reykjavík, þá er skarlatssótt var nýlega um garð gengin á nefndum bæ, að áfrýjandi hefði ekki komið á heimili hans fyr en sjúkling eða sjúklingum þeim, sem veikst höfðu af skarlatssóttinni, hefði verið batnað, og það er þessi sögusögn bóndans á Húsatóttum, sem Ísafold hefir haft eftir, en hefir svo bætt við þeirri ályktun, að eftirlitið (með veikinni) hafi þá líklega

verið slælegt. Stefndi, ritstjóri »Ísafoldar«, sem ber ábyrgð á hinum átöldu ummælum, hefir þannig að eins skýrt frá því, sem bóndinn á Húsatóftum hafði sagt frá, án þess með einu orði að kveða nokkurn dóm upp um, hvort það myndi á rökum byggt eða ekki, og virðist það ekki geta bakað honum lagaábyrgð; og þótt hann bætti þeirri athugasend við, að eftirlitið myndi þá líklega hafa verið slælegt, þá virðist það ekki heldur geta sakfelt hann, þar sem hún er edlileg ályktun, nátengd við sögusögn bóndans á Húsatóftum, og auðsjáanlega ekki rituð í neinum meiðandi tilgangi.

Það verður því, þar sem yfirdómurinn einnig felst á ákvæði bæjarþingsdómsins um málskostnað, að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eftir atvikum eiga að falla niður, og verður hinum skipaða málsfærslumanni áfrýjanda eftir þessum úrslitum málsins ekki dæmd nein málflyttingslaun.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.
Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.